

Nð.

375. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög um hvalveiðamenn nr. 67, frá 22. nóv. 1913.

Frá meiri hluta Sjávarútvegsnefndarinnar.

Nefndin hefir eigi getað orðið sammála um frumvarp þetta.

Meiri hlutinn, þeir, Skúli Thoroddsen, Sigurður Gunnarsson, Magnús Kristjánsson og Matth. Ólafsson leggja til að frumvarpið sje samþykkt með nokkrum breytingum, en minni hlutinn: Guðm. Eggerz, Þórarinn Benediktsson og Stefán Stefánsson vilja að frumvarpið sje felt.

Eina skynsamlaga ástæðan til að friða hvali er sú, að ef þeir sje friðaðir um nokkurra ára skeið, þá muni þeim fjölga, og að þá muni Íslendingar

verða orðnir færir um að reka hvalveiðar sjálfir og sitja að þeim hag, sem af þeim leiddi.

Meiri hlutinn getur nú eigi sjeð, að það mundi draga mikið úr fjölgun hvala hjer við land, þótt eitt fjelag, með að eins 2 bátum stundaði veiðina næstu 3 ár, en hins vegar mundi það verða þeim 2 hreppum, sem hjer eiga hlut að máli, mikill hagur að halda hvalveiðamanninum meðan harðast er í ári. Má gera við að það yrði þessum 2 hreppum alt að 4000 kr. tekjutap á ári, ef hvalveiðarnar hættu. Þá mundi og landssjóður misssa nokkurs í við það, að útflutningsgjald af hvalafurðum fjelli með öllu burt.

Af þessum ástæðum leyfir meiri hlutinn sjer að leggja til að háttv. neðri deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað: »sex« í frumvarpsgreininni komi þrjú.
2. Frumvarpsgreinin verði 1. gr., en á eftir henni komi 2. gr. er hljóði svo:
Eigi má fjelagið nota nema 2 hvalveiðabáta við veiðarnar.

Neðri deild Alþingis, 17. ágúst 1915.

Skúli Thoroddsen.

Sigurður Gunnarsson.

Matth. Ólafsson,
skrifari.

M. J. Mristjánsson.